

# Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga  
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	SÁLF2IN05
Kennari:	Birta Antonsdóttir
Önn:	Haust 2022
Áætlun unnin:	13.ágúst 2022

## Markmið:

### Þekkingarmarkmið:

*Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:*

- Þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- Grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- Helstu frumkvölum í greininni
- Víðfeðmi sálfræðinnar og helstu undirgreinum hennar
- Hagnýtu gildi sálfræðinnar
- Leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- Mótunaröflum einstaklinga og hópa

### Leiknimarkmið:

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- Lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- Beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan máta
- Skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- Skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- Tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

### Hæfnimarkmið:

*Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis á sjálfan sig og aðra
- Gera sér grein fyrir samspili hegðunar, hugsunar og tilfinninga
- Geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd
- Tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti
- Afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og setja fram á skipulagðan hátt
- Geta framkvæmt einfalda rannsókn og áttað sig á helstu niðurstöðum hennar

sem metið er með:

*Leiðsagnamati, það felur í sér vinnu á fjölbreyttum verkefnum þar sem lögð er áhersla á umsagnir til nemenda.*

Námsefni:	Inngangur að sálfræði eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttur, ásamt öðru efni frá kennara	
<b>Námsmat:</b>		
Prófseinkunn (40%):	Þrjú tímapróf á önninni	
	Fyrsta prófið úr köflum 1-3	20%
	Annað úr köflum 4-5	10%
	Þriðja úr köflum 6-7	10%
Verkefnaeinkunn (60%):	Verkefni	30%
	Dagbækur	20%
	Lokaverkefni	10%

<b>Skipulag náms:</b>
Námstilhögun:
Ætlast er til þess að nemendur mæti í fastar kennslustundir og taki þátt í umræðum sem skapast í kennslustundum (hvort sem þær eru í raunheimum eða rafrænar). Þrjú tímapróf eru á önninni, kennslugögn eru leyfð.
Um skilafrest og vanskil:
Skilakassar loka kl 00 á föstudögum og ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum vegna sérstakra aðstæðna.
Um námsmat:
Námsmat í þessum áfanga er leiðsagnarmat, en það felst í stöðugri leiðsögn til nemenda á önninni, þar sem þeir hafa tækifæri til að bæta vinnu sína til að auka framfarir. Ekkert eiginlegt lokapróf er í áfanganum, en verkefni, próf, ástundun og vinna nemenda er metinn til lokaeinkunnar.

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
33. vika	15. ág. <b>Stundatöflubirting</b>	Kynning á áfanga. Kennsluáætlun skoðuð.

14-20 ág.	17. ág. <b>Nýnemadagur</b> 18. ág. <b>Skólasetning</b>  1.Kafli Hvað er sálfræði bls. 7-47	Dagbók 1
34. vika 21-28 ág.	23. ág. <b>Umsjón</b>  2.Kafli Þróun greinarinnar bls 47-85	Dagbók 2 Verkefni 1.kafla <i>Skila glósum úr 1.kafla</i>
35. vika 29.ág – 4. sept.	29. ág. <b>Töflubreytingum lokið</b> 30. ág. <b>Fundur</b> 31. ág. <b>Foreldrafundur</b>  3.Kafli Ólíkar stefnur bls 85-139	Dagbók 3
36. vika 5-11 sept.	6. sept. <b>Umsjón</b> 6-9. sept. <b>Framhalsdeild í FSN</b>  3.Kafli Ólíkar stefnur bls 85-139	Dagbók 4 Verkefni 2.kafla <i>Skila glósum úr 2.kafla</i>
37. vika 12-18 sept.	13. sept. <b>Fundur</b>  3.Kafli Ólíkar stefnur bls 85-139	Dagbók 5
38. vika 19-25. sept.	20. sept. <b>Umsjón</b> 23. sept. <b>Námsmatsdagur</b>  4. kafli Námssálfræði bls 139-187	Dagbók 6 Verkefni 3.kafla
39. vika 26. sept. – 2. okt.	26. sept. <b>Námsmatsdagur</b> 27. sept. <b>Umsjón</b>  4. kafli Námssálfræði bls 139-187	Tímapróf úr köflum 1-3. Dagbók 7 <i>Skila glósum úr 3.kafla</i>
40. vika 3-9. okt.	4. okt. <b>Fundur</b>  5.kafli Hugræn sálfræði bls 187-239	Dagbók 8
41. vika 10-16 okt.	<b>Valvika</b> 11. okt. <b>Fundur</b>  5.kafli Hugræn sálfræði bls 187-239	Verkefni 4.kafla Dagbók 9 <i>Skila glósum úr 4.kafla</i>
42. vika 17-23. okt.	18. okt. <b>Umsjón</b>  6. kafli Rannsóknir í sálfræði bls 240-279	Tilraun Dagbók 10
43. vika	25-28. okt. <b>Framhalsdeild í FSN</b>	Tímapróf úr köflum 4 og 5

24 -30. okt.	6. kafli Rannsóknir í sálfræði bls 240-279	Dagbók 11 <i>Skila glósum úr 5.kafla</i>
44. vika 31 okt. – 6. nóv.	31. okt – 1. nóv. <b>Námsmatsdagar</b> 2-4. nóv. <b>Haustfrí</b>	Dagbók 12 Verkefni
45. vika 7-13. nóv.	8. nóv. <b>Umsjón</b> 7. kafli Sjálfsmynd og samskipti bls 281-316	Dagbók 13 Verkefni <i>Skila glósum úr 6.kafla</i>
46. vika 14-20. nóv.	15. nóv. <b>Fundur</b> 7. kafli Sjálfsmynd og samskipti bls 281-316	Dagbók 14
47. vika 21-27. nóv.	22. nóv. <b>Fundur</b> 7. kafli Sjálfsmynd og samskipti bls 281-316	Tímapróf úr kafla 6 og 7 <i>Skila glósum úr 7.kafla</i>
48. vika 28. nóv -4. des.	29. nóv. <b>Umsjón</b>	Lokaverkefni
49. vika 4 -11 des.	<b>Verkefnavika</b> 5-8. des. <b>Framhalsdeild í FSN</b> 9. des. <b>Námsmat</b>	
50. vika 12 – 18. Des.	12-15. des. <b>Námsmat</b> 16. des. <b>Útskrift</b>	